

# Hverfisiráð Hríseyjar

## 165. fundur

Mánudaginn 21. ágúst 2023 kl. 20 var haldinn 165. fundur hverfisiráðs í Hlein.  
Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Narfi Freyr Narfason.

### Dagskrá:

#### 1. Áfangastaðaáætlun Norðurlands árið 2024

Hverfisiráð ásamt Ferðamálafélagi Hríseyjar leggja til að verkefni fyrir Hrísey í nýrri áfangastaðaáætlun Norðurlands árið 2024 verði áframhaldandi uppbygging gönguleiða, áningastaða og merkinga.

#### 2. Göngustígur í gegnum hátíðarsvæðið

Lögð fram teikning af göngustíg í gegnum hátíðarsvæðið. Teikning með athugasemdum send til baka.

#### 3. Skipulagsmál - lausar lóðir

Á 145. fundi hverfisiráðs 8. júní 2021 var óskað eftir að lausum íbúða- og atvinnulóðum verði fjölgað í Hrísey. Bæjarráð vísaði erindinu til skipulagssviðs á 3731. fundi þann 24. júní 2021 og var erindið ítrekað á fundi 2. febrúar 2022. Gagnrýnum við seinagang varðandi skipulag og lausar lóðir í Hrísey og ítrekum þörf á fjölbreyttu lóðaúrvali í Hrísey.

#### 4. Skipulagsmál - bílastæði við ferjubryggju í Hrísey

Langtímastæði skv. deiliskipulagi  
Skammttímastæði á núverandi bílastæði

#### 5. Nytjagámur á gámasvæðið

Áður hefur hverfisiráð bókað varðandi nytjagám fyrir gámasvæðið í Hrísey. Teljum við að spara megi talsverðan kostnað við flutning á sorpi frá eyjunni ef mögulegt er að koma í slíkan gám hlutum sem mögulegt væri að endurnýta.

#### 6. Hestahald

Hverfisiráði barst erindi varðandi leyfi til hestahalds á landi bæjarins í kringum Kríunes. Hverfisiráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir að erindinu verði komið í ferli.

#### 7. Önnur mál

##### a. Áheyrn bæjarfulltrúa

Hverfisiráð óskar eftir að taka aftur upp þráðinn varðandi að bæjarfulltrúar skiptist á að sitja eða tengjast fundum hverfisiráðs til að efla samstarf og samskipti.

##### b. Heimsókn í ráðhús

Hverfisiráð óskar eftir heimsókn í ráðhús og verður í samskiptum við bæjarstjóra varðandi tímasetningu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:30.

Ingólfur Sigfússon  
Júlía Mist Almarsdóttir  
Narfi Freyr Narfason

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon